



Alþingi
Erindi nr. P 132/782
komudagur 8.2.2006

Prófessor Steingrímur Jónsson
Auðlindaeyri
Háskólinn á Akureyri
Borgir v/Norðurslóð
600 Akureyri

Akureyri, 06/02/2006

Sjávarútvegsnefnd Alþingis

**Umsögn Háskólans á Akureyri um frumvarp til laga um ráðstöfun fjár úr
Verkefnissjóði sjávarútvegsins**

Háskólinn á Akureyri gerir ekki athugasemdir við meginefni frumvarpsins.

Háskólinn á Akureyri fagnar frumvarpi þessu þar sem lagt er til að auka fé til hafrannsóknna bæði til Hafrannsóknastofnunarinnar og einnig til hafrannsóknna á samkeppnisgrundvelli. Þetta mun gera öðrum aðilum en Hafrannsóknastofnuninni s.s. háskólum kleyft að stunda rannsóknir á hafinu og lífríki þess. Aðrir samkeppnissjóðir hafa haft yfir svo litlu fjármagni að ráða að erfitt hefur verið að fá frá þeim styrki af þeirri stærð sem þarf til að stunda hafrannsóknir sem í eðli sínu eru afar kostnaðarsamar. Að ýmsu er þó að huga í þessu sambandi en það má benda á að sú fjárhæð sem ætluð er í þetta er jafngildi 20 daga reksturs á rannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni RE 200. Það er mjög mikilvægt að þeir sem sækja um þessa styrki eigi vísan aðgang að skipum Hafrannsóknastofnunarinnar sem eru búin ýmsum sérhæfðum tækjum til hafrannsóknna.

Annað sem einnig þarf að skoða er varðveisla þeirra gagna sem safnast á þennan hátt. Ég tel eðlilegt að það verði skilyrði fyrir styrkveitingu að öll gögn sem safnast verði að loknu verkefniinu sent Hafrannsóknastofnuninni til varðveislu þannig að þau glattist ekki og verði jafnframt öllum aðgengileg.

Virðingarfyllst,


Steingrímur Jónsson